

um bankastofnana frá 20. febrúar 1979 til greiðsludags. Gegn greiðslu nefndrar fjárhæðar ber að dæma aðalstefnanda til útgáfu afsals til aðalstefnda fyrir greindri íbúð í samræmi við ákvæði kaupsamnings þeirra frá 28. mars 1978.

Eftir þessum úrslitum og með hliðsjón af öllum málsatvikum þykir rétt, að aðalstefndi greiði aðalstefnda kr. 4.000.00 upp í málskostnað, sem að öðru leyti falli niður.

Dómur þessi er uppkveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni héraðsdómara og meðdómendum Kristni Kristinssyni húsasmíðameistara og Ólafi H. Pálssyni múrarameistara.

#### D ó m s o r ð:

Aðalstefndi, Svavar G. Jónsson, greiði aðalstefnanda, Bonnie Laufeyju Dupuis, kr. 3.857.64 með 19% ársvöxtum frá 20. 2. 1979 til 1. 6. 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 9. 1979, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 12. 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. 1981 og með 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags — allt gegn afhendingu afsals úr hendi aðalstefnanda fyrir 4ra herbergja íbúð á 1. hæð hússins nr. 4 við Melgerði í Kópavogi í samræmi við ákvæði kaupsamnings aðilja frá 28. mars 1978.

Aðalstefnandi greiði aðalstefnda kr. 4.000.00 upp í málskostnað, sem að öðru leyti falli niður.

---

Fimmtudaginn 8. nóvember 1984.

Nr. 104/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
gegn

**John Ernest Benedikz**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1984.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að ákærði verði sakfelldur og honum gerð refsing og viðurlög samkvæmt ákæru og til að greiða allan áfrýjunarkostnað. Ágrip málsins barst Hæstarétti 29. ágúst 1984.

Ákærði hafði gangsett bifreiðina R 45061 og tendrað ökuljós hennar, er lögreglumenn komu að honum aðfaranótt laugardagsins 26. nóvember 1983, eins og nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi. Þá er sannað með framburði lögreglumannanna Ólafs Egilssonar og Skarphédins Njálssonar svo og af hjólförum bifreiðarinnar í snjónum, að hún hafði færst úr stað. Af þessu verður að telja nægilega sannað þrátt fyrir framburð ákærða, að hann hafi ekið bifreiðinni umrætt sinn.

Varðar brot ákærða við þau lagaákvæði, sem í ákæru greinir. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 8.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 ber að svipta ákærða ökuréttindum í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 10.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, John Ernest Benedikz, greiði 8.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000.00 krónur.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. febrúar 1984.

Ár 1984, mánudaginn 13. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómarar kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 58/1984: Ákærvaldið gegn John Ernest Benedikz, sem tekið er til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákærskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. janúar 1984, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur John Ernest Benedikz, lækni, Óðinsgötu 24, Reykjavík, fæddum 30. apríl 1934 þar í borg, fyrir að aka, laugardaginn 26. nóvember 1983, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni R-45061 stuttan spöl í Ingólfsstræti í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisvptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt kærnum og refsingum, svo kunnugt sé.

#### *Málavextir eru þessir:*

Aðfaranótt laugardaginn 26. nóvember 1983 hafði lögreglan afskipti af ákærða í Ingólfsstræti við Bankastræti í Reykjavík, þar sem hann hafði gangsett bifreiðina, og lögreglumenn töldu, að hann hygðist aka af stað, en bifreiðin færðist úr stað. Fannst þá áfengisþefur af vitum hans, og sýndi öndunarsýni, sem tekið var, III. stig. Ákærði var færður á lögreglustöð til skýrslutöku hjá varðstjóra og eftir það á slysadeild Borgarspítalans til blóðtöku. Við rannsókn á blóðinu hjá Rannsóknastofu í lyfjafræði reyndist það hafa að geyma 1.37‰ af alkólhóli.

Ákærði hefur gefið skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík og einnig hér fyrir dómi. Hann tjáði lögreglumönnum strax á staðnum, að hann hafi einungis ætlað að gangsetja bifreiðina. Ákærði kom einnig fljótt með þá skýringu, að bifreiðin ætti að seljast og hann hefði áhyggjur af gangsetningu hennar. Hann hefði lagt bifreiðinni í Ingólfsstræti, eftir að hann hætti vinnu á Landspítalanum um kl. 23:00, en þá hafi hann farið að skoða í búðarglugga.

Er hann hafi ætlað aftur á bifreiðinni, hafi hún ekki farið í gang og hafi hann þá gengið heim. Hann kvaðst síðan hafa verið heima, drukkið þar 3 - 4 glös af rauðvíni, en um kl. 02:00 hafi hann fengið sér göngutúr og gengið að bifreiðinni, þar sem hún stóð. Hafi hann haft af því nokkrar áhyggjur, hvort hún færi í gang, þar sem hann ætlaði að setja hana á bíla-sölu daginn eftir. Hann kvaðst því hafa sest upp í bifreiðina og sett hana

í gang og hafi hann ætlað að láta hana ganga smástund og fylgjast með gangi hennar. Hafi hann, er hann setti bifreiðina í gang, tekið hana úr gír og að hún við það runnið aftur á bak. Lögreglan hafi komið að í því og hafi honum brugðið við það og sennilega muni bifreiðin hafa kippst áfram um nokkra sentimetra, er hann setti hana í gír aftur.

Ákærði kvaðst ekki hafa ætlað að aka bifreiðinni. Það hafi verið tilgangur hans að fá sér göngutúr og hafi hann í leiðinni ætlað að líta við að Þingholtsstræti 17, en þar væri hann að standsetja íbúð. Hafi hann, eins og áður segir, gengið fram hjá, þar sem bifreiðin stóð og þar sem það olli honum talsverðum áhyggjum, hvort hún væri biluð hafi hann reynt gangsetningu til að fullvissa sig um, hvort hann þyrfti að gera frekari ráðstafanir að morgni. Hann hafi síðan ætlað að halda göngu sinni áfram, er hann hefði farið í Þingholtsstrætið, og ganga heim.

Framanritað er úr framburði ákærða hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 12. desember sl.

Ákærði hafði sama að segja fyrir dómi, en framburður hans var þessi: „Ákærði kveðst ekki hafa ætlað að aka bifreiðinni og telur raunar að hann hafi ekki ekið henni. Hann kveðst hafa gangsett bilinn einsog hann hafi þegar gefið skýrslu um. Hann kveðst ekki skilja bilinn eftir í bremsu þegar frost eru. Hann hafi tekið hann úr gír þegar hann gangsetti og ekki sett handbremsu á af ötta við frostið, því kunni bifreiðin að hafa runnið örlítið til. Ákærði bendir á að framhjólin hafi snúið beint fram en ekki til hliðar sem þó þurfi er bifreið er ekið út af stæði út á akbraut. Ákærði telur víst að lögreglumennirnir hafi tekið eftir því. Ákærði kveðst ekki þurfa bifreið til að aka milli Óðinsgötu 24 og Þingholtsstræti 17, en þangað gekk ákærði í þetta sinn og fór þá að bifreiðinni og gangsetti hana eins og fram er komið, til þess að láta vélina hitna en ákærði hafði áhyggjur af bílnum, þar sem átti að selja bilinn. En ákærði kveður gangsetningu bílsins erfíða ef hann var ekki gagnsettur á hverjum degi.

Ákærði kveður það algert „prinsipp“ hjá sér að aka ekki undir áhrifum áfengis. Hann bendir á að hann hafi reikning hjá Bæjarleiðum og þeir aki sér ef svo komi fyrir að hann neyti áfengis og þurfi akstur.“

Lögreglumennirnir Skarphédinn Njálsson aðstodarvarðstjóri og Ólafur Egilsson, er afskipti höfðu af ákærða, gáfu skýrslur fyrir dómi. Í framburði Skarphédins kom fram, að þeir lögreglumenn hafi orðið varir við bifreið ákærða, er þeir komu að gatnamótum Ingólfsstrætis og Bankastrætis. Þeir hafi séð, að bifreiðin var með ljósum, og einnig merktu þeir örlitla hreyfingu.

Vitnið man, að ákærði leit til vinstri líkt og hann væri að aka af stað. Vitnið vill hins vegar ekki fullyrða, að ákærði hafi lagt á bifreiðina út í götuna. Vitnið sá aðeins hjólför bifreiðar ákærða úr lögreglubifreiðinni,

en vitnið minnir helst, að hann hafi ekki farið úr lögreglubifreiðinni. Lögreglubifreiðinni hafði verið ekið í fyrstu örlítið lengra en bifreið ákærða, en síðan bakkað að bifreið hans. Ólafur fór út og hafði tal af ákærða og mældi hjólförin. Ákærði hafði þá þegar drepit á bifreiðinni og kom strax yfir í lögreglubifreiðina. Vitnið man, að ákærði sagði strax þarna á staðnum, að hann hefði aðeins ætlað að gangsetja, og minnir vitnið, að ákærði hafi bætt því við, að það væri til að ganga úr skugga um, hvort hún væri í lagi, þannig að hún færi í gang. Vitnið segir, að ákærði hafi gefið nánari skýringar á þessu hjá varðstjóra.

Vitnið kvað ákærða hafa komið mjög kurteislega fram. Hann hafi verið sannfærandi í frásögn sinni, og vitninu finnst ekki ástæða til þess að rengja hann. Lögreglumanninum Ólafi Egilssyni sagðist svo frá, að þeir lögreglumenn hafi séð ákærða, er þeir óku suður Ingólfsstræti og komu að Bankastræti. Vitnið sá, að bifreið ákærða var með ljósum, og merkti hreyfingu á henni áfram. Lögreglubifreiðinni var ekið rétt fram fyrir bifreið ákærða, vitnið fór þá út úr lögreglubifreiðinni, hafði tal af ákærða og mældi hjólför bifreiðar hans. Vitnið segir ákærða hafa verið tugaóstyrkan, hann hafi eftir stutta umhugsun haldið því fram, að ætlan hans hafi einungis verið að gangsetja bílinn, en ekki að aka honum. Nánari skýringu gaf hann á þessu á leiðinni. Hann sagði þá, að ætlan hans væri að selja bílinn og hann því viljað vita, hvort vélin færi í gagn.

Vitnið segir hjólför bifreiðar ákærða hafa verið beint fram, hann hafi því ekki verið búinn að leggja á bifreiðina út í götuna.

Vitnið segir ákærða hafa verið kurteisan í framkomu.

Aðspurt kveður vitnið frásögn ákærða ekki hafa verið ótrúverðuga.

Í málinu liggur fyrir óyggjandi, að ákærði gagnsetti bifreiðina R 45061, aðfaranótt laugardagsins 26. nóvember 1983 í bifreiðastæði í Ingólfsstræti við Bankastræti í Reykjavík. Bifreiðin hreyfðist örlítið úr stað, bæði áfram og aftur á bak. Ákærði hefur staðfastlega neitað því að hafa ætlað að aka bifreiðinni. Í ljós hefur verið leitt, að ákærði hafði ekki lagt á bifreiðina út í götuna. Sögn hans um gangsetninguna er ekki ótrúverðug, eins og annar lögreglumannanna komst að orði í framburði sínum hér fyrir dómi. Hinum fannst ekki ástæða til að rengja frásögn hans. Hins vegar eru dæmi þess, að menn hafa verið dæmdir, ef bifreið þeirra hefur hreyfst úr stað. Það hefur án vafa ráðið kærinni á manninn og síðan útgáfu ákærunnar á hendur honum.

Við mat á sakargögnum verður að ætla, að ákærði hafi ekki hugsað sér að aka bifreiðinni. Gangsetningin verður því eigi talin liður í akstri hennar. Að mati dómarans verður hin lítilfjörlega hreyfing bílsins heldur ekki talin þáttur í akstri hennar. Hún kippist aðeins til fyrir hreinan klaufaskap. Ákærði verður því hvorki dæmdur fyrir akstur né tilraun til aksturs. Hann

verður því sýknaður af kröfum ákærvaldsins og sakarkostnaður felldur á ríkissjóð.

D ó m s o r ð:

Ákærði, John Ernest Benedikz, er sýknaður af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 9. nóvember 1984.

Nr. 211/1984. **H/f Eimskipafélag Íslands**

gegn

**Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja**

Kærumál. Lögbann. Frávísun. Hafnað kröfu um áminningu á hendur fógeta.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með tilvísun til lokaákvæðis 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. október 1984, sem barst Hæstarétti næsta dag. Hann krefst þess aðallega, að umbeðið lögbann verði lagt á, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að taka lögbannskröfuna til efnislegrar úrlausnar. Hvernig sem málið fari að öðru leyti, krefst hann þess, að setufógetanum verði veitt áminning „fyrir að hafa synjað lögbannskröfu kæranda á þeim grundvelli að lögbann sé ekki tiltækt réttarræði í vinnudeilu svo sem fram kemur í forsendum úrskurðar hans.“ Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist að kröfu sóknaraðilja verði hrundið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Úrskurðir fógetaréttar um það, hvort fógetagerð skuli fara fram eða ekki, sæta samkvæmt a lið 3. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 eigi